

Þjófnaðir á ferðalögum – Vertu vakandi.

Þetta kemur aldrei fyrir mig. Ég er aldrei rænd/rændur! Ég passa mig... Þetta eru algengar setningar meðal allt of margra ágættra ferðalanga. Ég fullyrði að þetta stenst ekki – til þess hef ég í starfi mínu sem fararstjóri orðið vitni að of mörgum tilvikum. Verstir eru íslensku karlmennirnir sem telja engan geta abbast upp á sig og ganga um með veskið í rassvasanum eða stuttbuxnavasanum...

Hvernig er hægt að minnka áhættuna á að vera rændur? Hér koma nokkrar tillögur, byggðar að hluta til á eigin reynslu og að hluta til á ágætri vefsíðu: How to Protect Yourself from Pickpockets in Europe - http://www.ehow.com/how_7736_protect-yourself-pickpockets.html

- **Skartgripir**
Skildu eftir heima alla skartgripir sem þér er annt um, einnig verðmæt úr og vönduð veski/töskur sem þú vilt ógjarnan tapa. Ef þú álpast út með eitthvað af þessu – skartaðu þessum hlutum eingöngu í vinahóp, ekki á útmarkaðinum meðal ókunnugra.
- **Lítill farangur**
Hafðu eins lítið með þér af farangri og unnt er. Því minna sem þú hefur meðferðis, þess minni líkur á skaða auk þess sem þú hefur betri yfirsýn yfir hlutina þína.
- **Ekki skera þig úr**
Reyndu að falla inn í umhverfið. Hér er ekki átt við að mála sig í felulitunum (!) heldur að reyna að auglýsa ekki með klæðaburði og atferli að hér sé á ferðinni “túristi”. Láttu eins og þú vitir hvert þú ert að fara... og ekki stansa á miðri gangstétt til að draga upp framandi peningaseðla til að læra á þá. Þú átt að vera búin/nn að því!
- **Afrit af helstu gögnum**
Taktu afrit af öllum skilríkjum og gögnum áður en þú ferð að heiman, svo sem vegabréfi, farseðlum, ferðaáætlun og öðrum gögnum sem máli skipta. Skildu eina kópiu eftir heima og taktu aðra með þér og geymdu á vísun stað – EKKI þó hjá vegabréfinu. Þetta getur bjargað miklu ef þú verður fyrir óhappi.
- **Auka passamyndir**
Taktu með þér auka passamyndir – það gerir hlutina auðveldari ef það þarf að útvega nýjan passa.
- **Peningabelti**
Vertu með “peningabelti” á þér eða tauveski innan á þér, sem ekki er sjáanlegt utanfrá. Mér hefur líka reynst vel lítið klemmuveski, sem klemmt er innan á buxur og í kemst kreditkort og nokkrir seðlar.
- **Ekki allt á einum stað**
Skiptu mikilvægum gögnum á a.m.k. tvo staði. Geymdu reiðufé í innri

vasa/belti/tauveski – kreditkortíð annars staðar o.s.frv. Ef eitthvað gerist, þá missirðu ekki allt!

- **Forðastu fáfarnar leiðir**
Haltu þig á fjölförnum leiðum, sérstaklega í stórborgum. Ekki stytta þér leið gegnum sund og þröng stræti og ekki vera ein/einn á ferð að kvöldlagi. Spurðu hvaða hverfi skuli helst varast, t.d. eftir að dimmt er orðið.
- **Lítið reiðufé**
Vertu með eins lítið reiðufé á þér og kostur er – notaðu heldur kreditkortíð til að taka út peninga við og við. Aldrei taka upp seðlabúnt úr veski til að borga fyrir eitthvað.
- **Öryggið fyrst**
Ef þú lendir í vandræðum, ert rænd/ur, láttu þá eigið öryggi ganga fyrir reiðinni út í þjófana og aðhafstu ekkert. Láttu lögregluna vita.
- **Myndavél á ólíklegum stað**
Ef þú ert með myndavél eða annað sem þér er annt um, þá er ein leið að fá sér plastpoka úr matvöruverslun og fela þar myndavélina...
- **Ekki láta blekkjast**
Huggulegasta fólk getur verið þjófur – konur með börn, vel klæddir unglingar – ekki láta plata þig til að hlusta á “sorgarsögur” t.d. á flugvöllum og á lestarstöðvum, þar sem einhver “á ekki fyrir” strætó, mat eða símtali.
- **Nauðsynleg símanúmer**
Hafðu með þér nauðsynleg símanúmer sem þarf að nota ef eitthvað kemur uppá, t.d. símanúmer kreditkortafyrirtækis, tryggingafélags, utanríkisráðuneytis o.fl. – Ekki hafa þau einungis í farsímanum, honum gæti verið stolið...
- **Vertu vakandi**
Haltu fast um laus veski á mörkuðum, lestarstöðvum, í strætó og troðnum lestum – reyndu að geyma ekkert dýrmæti í bakpokanum, a.m.k. ekki í utanáliggjandi vösum þar sem auðveldast er að opna hann.
- **Engin stólbök...**
Settu ekki veski/tösku/bakpoka á stólbakið á veitingastöðum...
- **Varkárni á fjölsóttum stöðum**
Varaðu þig á sígaunahópum (gjarnan konum og börnum) sem oft mæta ferðamönnum á stöðum eins og í Róm og á fjölsóttum ferðamannastöðum.
- **Veskið snýr frá götunni**
Gakktu ekki með veskið á öxlinni sem snýr út að götunni – á Ítalíu koma stundum mótórhjólin brunandi og ökumenn hrifsa veskin af gangandi vegfarendum...

Eftir öll þessi varnaðarorð mætti ætla að engum væri vært fyrir utan landsteinana. Það er öðru nær. Það er hins vegar hægt að haga sér skynsamlega og óskynsamlega.... Okkar er valið ☺.